Til fjölmiðla:

Upplýsingar um stöðu eigna Björgólfs Guðmundssonar og skuldbindingar hans við Landsbanka Íslands

Fjárhagur Björgólfs Guðmundssonar, fyrrverandi formanns bankaráðs Landsbanka Íslands, hefur, líkt og margra annarra, gjörbreyst til hins verra á síðustu 17 mánuðum. Í ársbyrjun 2008 námu heildareignir fyrirtækja hans a.m.k. 143 milljörðum króna en í dag er áætlað verðmæti þeirra um 15-27 milljarðar, en endanlegt verðmæti ræðst á næstu árum frekar en mánuðum. Ríkið yfirtók hlutafé fyrirtækja hans í Landsbankanum og Straumi og nær allt hlutafé þeirra í Eimskipi og Icelandic hefur verið afskrifað. Persónulegar ábyrgðir og skuldbindingar Björgólfs hjá Landsbanka Íslands hafa stóraukist á þessu tímabili vegna gengishruns íslensku krónunnar en aðallega sökum þess að hann gekkst í auknar sjálfskuldarábyrgðir gagnvart bankanum á tímabilinu. Þessar skuldbindingar komu upphaflega til þegar Landsbankinn lánaði fjárfestingafélaginu Gretti til að kaupa hlutabréf í Eimskipi og Icelandic en þá var Grettir í eigu annarra en Björgólfs. Eftir að Björgólfur varð aðaleigandi Grettis gekkst hann í persónulegar ábyrgðir til að treysta veð bankans og því falla nú allar skuldir Grettis á hann. Allar persónulegar eigur hans, innlendar og erlendar, standa á móti þeim skuldbindingum sem hann hefur gengist undir.

Eignir

Umsvif Björgólfs Guðmundssonar voru veruleg í íslensku atvinnulífi á árunum 2003–2008, enda fjárfestu fyrirtæki hans einkum í umsvifamiklum íslenskum atvinnufyrirtækjum. Í lok árs 2002 eignaðist hann rúmlega 20% hlut í Landsbanka Íslands, þegar Samson eignarhaldsfélag ehf. keypti ríflega 40% í bankanum og varð Björgólfur formaður bankaráðsins árið 2003. Í félagi við aðra keypti Björgólfur haustið 2003 stóran hlut í Eimskipi. Í kjölfar eignasölu og sameiningar fór hann út úr því félagi en hélt aftur á móti eftir stórum hluta í Straumi-Burðarási í gegnum Samson Global Holdings. Björgólfur eignaðist síðan árin 2006-7 verulegan hlut í fjárfestingafélaginu Gretti, en áður hafði Grettir fest kaup á kjölfestuhlutum í Eimskipi og Icelandic. Varð því Björgólfur aftur stór hluthafi í Eimskipi. Í millitíðinni hafði Eimskip líkt og Icelandic stækkað hratt með yfirtökum á erlendum fyrirtækjum. Björgólfur átti einnig hlut í öðrum íslenskum fyrirtækjum, en nafnkunnust þeirra eru Árvakur og Edda/Mál og menning.

Stærsta erlenda fjárfesting Björgólfs Guðmundssonar voru kaup hans á enska knattspyrnufélaginu West Ham United árið 2006, í gegnum eignarhaldsfélagið Hansa.

Heildareignir Björgólfs og félaga hans voru í ársbyrjun 2008 samtals a.m.k. 143 milljarðar króna. Hálfu ári áður voru þær samtals 169 milljarðar króna. Þær helstu voru sem hér segir:

	Nafn félags	Verðmæti 1. 1. 2008	30. 6. 2007
-	Landsbanki Íslands	81 ma. kr.	90 ma. kr.
-	Straumur Burðarás	28 ma. kr .	41 ma. kr.
-	Eimskip	16 ma.kr. .	19 ma. kr.
-	Icelandic	3 ma.kr.	4 ma. kr.
-	West Ham United	15 ma.kr.	15 ma. kr.
-	**Samtals**	**143 ma.kr**	**169 ma. kr.**

Hrun íslenska og alþjóðlega fjármálakerfisins á haustdögum 2008 gjörbreytti eignastöðu Björgólfs Guðmundssonar. Íslenska ríkið yfirtók eignarhlut Samsons í Landsbankanum, en skömmu áður hafði allt hlutafé Grettis í Icelandic verið afskrifað og þá var hlutafé í Eimskipi fært niður í samræmi við fallandi markaðsgengi. Íslenska ríkið yfirtók eignarhlut Samson Global Holdings í Straumi, auk þess sem allt hlutafé í Árvakri var afskrifað og stendur enska knattspyrnufélagið West Ham United nú eitt þessara félaga eftir, en það er í sölumeðferð eins og kunnugt er. Eignir fyrirtækja Björgólfs hafa því rýrnað sem nemur um 116-128 milljörðum íslenskra króna frá ársbyrjun 2008.

Skuldbindingar

Persónulegar ábyrgðir Björgólfs Guðmundssonar á skuldbindingum fyrirtækja hans hjá Landsbanka Íslands hafa stóraukist á síðustu 17 mánuðum. Erfitt rekstrarumhverfi heima og erlendis, gengishrun íslensku krónunnar, en einkum stórauknar ábyrgðir sem Björgólfur gekkst í vegna eldri lána fyrirtækja sem hann eignaðist síðar, hafa leitt til þess að persónulegar skuldbindingar hans við Landsbanka Íslands og dótturfélög hans nema nú um 58 milljörðum króna, en eins og fyrr segir hafa eignir á sama tíma rýrnað stórlega og horfið.

Bróðurpartur skuldbindinga Björgólfs við Landsbankann eru ábyrgðir fyrir fjárfestingafélagið Gretti tengdar Eimskipi og Icelandic, eða um 50 milljarðar króna. Aðrar skuldbindingar eru um 8 milljarðar króna. Ætla má í ljósi markaðsaðstæðna í dag að upp í þessar skuldir Landsbankans fáist eignir, sem ekki eru veðsettar öðrum lánastofnunum, að lágmarki 12 milljarðar króna. Áfram verður unnið úr þeim eignum og mun tíminn, og þá fremur ár en mánuðir, skera úr um endanlegt verðmæti þeirra.

Mikilvægt er að leggja áherslu á, vegna skuldbindinga ofangreindra félaga við Landsbanka Íslands, að upphaflega lánaði Landsbankinn Gretti til að kaupa hlutabréf í Eimskipi og Icelandic þegar Grettir var í meirihlutaeigu annarra en Björgólfs. Eftir að Björgólfur varð aðaleigandi Grettis gekkst hann í persónulegar ábyrgðir umfram skyldu sína til að treysta veð bankans og því falla nú allar skuldir Grettis á hann. Ekki var stofnað til þessara skuldbindinga Grettis við bankann á meðan Björgólfur var meirihlutaeigandi í félaginu. Þessi viðskipti voru ekki íþyngjandi fyrir lausafjárstöðu bankans á árinu 2008.

Fyrirgreiðsla til eigenda banka og fjármálafyrirtækja er háð ákveðnum reglum. Lánanefnd gerir tillögu til bankaráðs, um afgreiðslu málsins. Við þá afgreiðslu víkja þeir sem hagsmuna eiga að gæta og bankaráð afgreiðir lánið. Ytri endurskoðendur hafa eftirlit með því að fyrirgreiðsla við þessa aðila sé í samræmi við kjör annarra sambærilegra aðila. Upplýsingar um þessar lánveitingar eru veittar endurskoðunarnefnd bankans og Fjármálaeftirlitinu og gerð er ítarleg grein fyrir þeim í öllum árs- og árshlutareikningum bankans. Allar ákvarðanir sem tengdust lánum til fyrirtækja Björgólfs voru í fullu samræmi við almennar

reglur um útlán banka til eigenda og stjórnarmanna í bönkum og fjármálafyrirtækjum. Björgólfur vék sæti úr bankaráði Landsbankans þegar þessi mál voru til meðferðar í ráðinu.

Skuldbindingar Björgólfs og félaga sem honum tengjast við aðra banka og lánastofnanir, bæði innlendar og erlendar, eru talsverðar og verður gerð grein fyrir þeim síðar, þegar þær liggja endanlega fyrir.

Stjórn Grettis mun óska eftir því við Héraðsdóm Reykjavíkur að félagið verði tekið til gjaldþrotaskipta.

Með samantekt þessari vill Björgólfur Guðmundsson upplýsa um eignastöðu sína og skuldir hjá Landsbanka Íslands þannig að fjölmiðlum og þeim öðrum, sem áhuga kunna að hafa, sé hún ljós.

Reykjavík, 4. maí 2009